

**Nd.**

## **50. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson,  
Vilmundur Jónsson.

### **1. gr.**

Töluliðirnir 8.—10. í 1. gr. laganna orðist svo:

8. Af óbrenndu kaffi og kaffibæti allskonar 40 aurar af hverju kg.
9. Af allskonar brenndu kaffi 50 aurar af hverju kg.
10. Af sykri og sírópi 10 aurar af hverju kg.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

### **Greinargerð.**

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar er kaffi- og sykurtollurinn áætlaður 850 þús. kr. Samkv. frv. þessu yrði tollurinn, ef miðað er við meðalinnflutning áráanna 1924—1927, um 625 þús. kr. Nemur því lækkunin um 225 þús. krónum. Í Ed. hefir verið lagt fram frv. til l. um einkasölu á tóbaki og eldspýtum, og er gert ráð fyrir, að það frv., ef samþ. verður, geri talsvert betur en að bæta ríkis-sjóði þann tekjumissi. Lækkun þá, sem hér er farið fram á, ber aðeins að skoða sem lítið spor í þá átt að afnema með öllu þessa tolla, sem lenda langþyngst á efnalitlu og efnalausum fjölskyldufólki til sjávar og sveita, sem allt þarf að að kaupa.